


1.10 Þjónustu- og nýsköpunarsvið



Rekstur PON (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	838	773	65	8,5%
Laun og launat. gjöld	549	659	-110	-16,7%
Annar rekstrarkostnaður	1.926	1.672	254	15,2%
Nettó útgjöld	1.637	1.558	79	5,0%

Laun og launatengd gjöld námu samtals 549 m.kr. eða samtals 110 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. Frávik frá launaáætlun er tilkomin þar sem erfitt hefur reynst að ráða í stöðugildi starfsmanna sem hafa látið af störfum en jafnframt vegna aukinnar aðkomu starfsmanna í fjárfestingaverkefnum umfram það sem áætlað var. Að sama skapi þá hefur annar rekstrarkostnaður aukist þar sem verkefnum starfsmanna hefur verið mætt með aðkeyptri þjónustu.

Annar rekstrarkostnaður nam samtals 1.926 m.kr. sem er 254 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.

Fjárfesting í Eignasjóði nam samtals 1.777 m.kr. en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 2.125 m.kr.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Þjónustubættir PON (m.kr.)	Tekjur	Áætlaðar tekjur	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætluð laun & launat. gjöld	Frávik	Annar kostnaður	Áætlaður annar kostnaður	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun tímabils	Frávik í m.kr.	Frávik í %
Borgarskjalasafn	4	1	3	49	50	-1	40	37	3	85	86	-1	-1,5%
Gagnþjónusta	9	9	0	61	66	-4	44	46	-2	97	102	-6	-5,7%
Rekstrarþjónusta	41	54	-13	35	37	-3	229	232	-3	222	215	7	3,3%
Stafræn Reykjavík	0	0	0	41	49	-8	81	70	11	123	119	4	3,1%
Skrifstofa sviðstjóra PON	42	41	1	72	86	-14	28	39	-11	57	84	-26	-31,5%
Upplýsingatæknipjónusta	731	655	76	198	246	-48	1.436	1.183	253	903	774	129	16,7%
Þjónustuhönnun	11	12	-1	93	124	-31	68	66	2	150	178	-28	-15,8%
Rekstur Aðalsjóðs samtals	838	773	65	549	659	-110	1.926	1.672	254	1.637	1.558	79	5,0%
Eignasjóður fjárfestingar	0	0	0	0	0	0	1.777	2.125	-348	1.777	2.125	-348	-16,4%
Aðalsjóður og Eignasjóður samtals	838	773	65	549	659	-110	3.703	3.797	-94	3.414	3.683	-269	-7,3%

Þjónustuhönnun var samtals 28 m.kr. undir fjárheimildum. Laun og launatengd gjöld voru samtals 31 m.kr. undir áætlun vegna aukinnar aðkomu starfsmanna að fjárfestingarverkefnum umfram það sem áætlað var.


Skrifstofa sviðstjóra PON var 26 m.kr. innan fjárheimilda. Launakostnaður er lægri en áætlaður var vegna starfsmanna-breytinga en sérfræðiþjónusta og óskipt fjárhagsáætlun voru samtals 16 m.kr. lægri en áætlun tímabils gerði ráð fyrir.

Upplýsingatæknipjónusta var samtals 129 m.kr. yfir fjárheimildum. Tekjur voru 76 m.kr. yfir áætlun og er tilkomið vegna aukinnar þjónustu við önnur fagsvið. Frávik í launum er tilkomið þar sem erfitt hefur reynst að ráða í stöðugildi starfsmanna sem hafa látið af störfum en jafnframt þar sem starfsmenn hafa verið í fjárfestingarverkefnum í meira mæli en áætlað var, þá hefur annar rekstrarkostnaður aukist á móti þar sem verkefnum starfsmanna hefur verið mætt með aðkeyptri þjónustu.

Sóthreinsun og aukin þríf sérstaklega vegna Covid-19 nam samtals 11,5 m.kr. á tímabilinu í stjórnsýsluhúsunum tveimur.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri þjónustu- og nýsköpunarsviðs fyrir tímabilið janúar – júní 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 1.637 m.kr. eða 79 m.kr. yfir fjárheimildum eða sem nemur 5,0%.



Tekjur námu 838 m.kr. eða sem nemur 65 m.kr. yfir áætlun. Tekjur upplýsingatæknideildar voru 76 m.kr. hærri en áætlað var vegna aukinnar þjónustu við önnur fagsvið. Aðrar tekjur voru samtals 10 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir aðallega vegna hlutdeildar Bílastæðasjóðs í samkostnaði Ráðhúskjallara sem er greitt í einu lagi í lok árs en áætlun gerði ráð fyrir jafnri dreifingu á greiðslu yfir árið.